

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	07.01.2016
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	1601139

Reykjavík 4. janúar 2016

Efni: Beiðni um fjárframlag til Kvinnaráðgjafarinnar fyrir rekstrarárið 2016.

Þess er hér með farið á leit að Kvinnaráðgjöfinni, Túngötu 14, Reykjavík, verði veittur styrkur að fjárhæð kr. 250.000.- fyrir rekstrarárið 2016 til að reka ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir konur. Þá viljum við þakka fyrir góðan stuðning undanfarin ár, en hann er grundvöllur fyrir starfsemi Kvinnaráðgjafarinnar.

Kvinnaráðgjöfin fékk styrk frá Alþingi vegna yfirstandandi árs að fjárhæð kr. 1.500.000 og frá Reykjavíkurborg að fjárhæð kr. 1.000.000.

Aðalstyrktaraðilar Kvinnaráðgjafarinnar hafa verið ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög, en undanfarin ár hafa sveitarfélögin dregið mjög úr styrkveitingum til Kvinnaráðgjafarinnar á sama tíma og aðsókn hefur aukist á þeim tímum sem greitt er fyrir ráðgjöfina. Auk þess hefur eftirspurn eftir ráðgjöf í gegnum tölvupóst og á netinu aukist á sama tíma og er því sinnt af launuðum starfskonum ráðgjafarinnar.

Kvinnaráðgjöfin tók til starfa í febrúar 1984 og hafa lengst af starfað við Kvinnaráðgjöfina í sjálfboðaliðavinnu um 20-25 félagsráðgjafar og lögfræðingar, þ. á m. nemar á lokaárum í þessum greinum. Megintilgangur starfseminnar er að veita konum stuðning og ráðgjöf og er Kvinnaráðgjöfin opin öllum konum sem geta hvort sem er komið eða hringt. Þjónustan er endurgjaldlaus og þurfa þeir sem til okkar sækja ekki að gefa upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar.

Aðsóknin að Kvinnaráðgjöfinni hefur frá upphafi verið mikil og er það að sögn ekki síst hvað auðvelt er fyrir konur að leita til okkar, þarf ekki að panta tíma og þess háttar. Til Kvinnaráðgjafarinnar hafa leitað allt að 450 konur á ári, en nú koma um 200-250 konur til okkar árlega eða hringja og eru það bæði konur af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni. Undanfarið hefur það aukist mjög að karlmenn leiti einnig eftir ráðgjöf hjá Kvinnaráðgjöfinni og þrátt fyrir að Kvinnaráðgjöfin sé ætluð konum þá vísun við auðvitað engum frá sem leitar til okkar. Hefur ráðgjöf til karlmannna því undanfarið ár verið verulegur þáttur í starfseminni. Þá höfum við einnig sinnt í miklum mæli erlendum konum sem leita til okkar.

Nánast öll vinna í Kvinnaráðgjöfinni er veitt án endurgjalds, en tvær starfskonur sem sinna ráðgjöf á dagvinnutíma á fimmtudögum og rekstri eru í hlutastarfi í lágu starfshlutfalli. Helsti kostnaður við ráðgjöfina er vegna þess, svo og leigu- og símakostnaður, sbr. meðfylgjandi rekstraráætlun fyrir árið 2016.

Kvinnaráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð sem aðstoð við konur sem standa höllum fæti og vantar ráðgjöf sem þær geta ekki greitt fyrir. Þannig tekur Kvinnaráðgjöfin

Kvinnu
ráðgjöfin


við mörgum tilvísunum frá Kvænnaathvarfi, Stígamótum, prestum þjóðkirkjunnar og félagsþjónustum sveitarfélaga. Kvænnaaráðgjöfin tekur almennt ekki þátt í opinberri umræðu um réttindamál kvænna, en hefur mætt á fundi í ráðuneytum til að miðla þeirri þekkingu og reynslu sem safnast hefur saman í Kvænnaaráðgjöfinni í áranna rás.

Með vísan til ofangreinds er sótt um styrk að fjárhæð kr. 250.000.- til að greiða rekstrarkostnað Kvænnaaráðgjafarinnar á næsta ári og til að greiða kostnað við áframhaldandi þróun og greiningu á starfinu, m.a. sérstaklega á því sem virðist vera brýn þörf karlmanna á aukinni ráðgjöf. Tekið skal fram að Kvænnaaráðgjöfin nýtur ekki styrkja frá fyrirtækjum eða öðrum aðilum en áður er getið, og getur því ekki haldið áfram starfsemi ef ekki kemur til styrkur frá opinberum aðilum eins og undanfarin ár.

Ef óskað er frekari upplýsinga eða gagna þá vinsamlegast hafið samband við Þorbjörgu I. Jónsdóttur hrl., framkvæmdastjóra Kvænnaaráðgjafarinnar, sem mun einnig fúslega mæta á fund til að gefa skýringar vegna umsóknarinnar ef óskað er. Ef óskað er eftir að hafa samband við hana utan opnunartíma Kvænnaaráðgjafarinnar þá er hún við í síma 5115 101 og tölvupóstfangi thorbjorg@lagathing.is.

Með fyrirfram þökk.

F.h. Kvænnaaráðgjafarinnar,
Virðingarfyllt



Þorbjörg I. Jónsdóttir

Kvennaráðgjöfin Ársreikningur 2014

Tekjur

Styrkur, ríkissjóður	kr.	1.500.000
Styrkur, Reykjavík	kr.	500.000
Styrkur vegna Evrópuverkefna	kr.	79.179
Vaxtatekjur	kr.	3.071
alls kr.		2.082.250

Gjöld

Ráðgjafarlaun	kr.	260.000
Umsjónarlaun og ráðgjöf	kr.	1.250.000
Símakostnaður	kr.	63.374
Leiga	kr.	180.000
Bankakostnaður	kr.	1.350
Kostnaður vegna Evrópuverkefna	kr.	287.778
Netkostnaður, heimasíða	kr.	7.243
Ýmislegt, prentun, póstur o.fl.	kr.	6.780
alls kr.		2.056.525

Afkoma ársins 25.725
Ráðstafað upp í skuld vegna fyrra árs

**Kvenna
ráðgjöfin**

Kvennaráðgjöfin • Túngötu 14 • 101 Reykjavík • Sími 552 1500 • radgjof@kvennaradgjofin.is • www.kvennaradgjofin.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026